

Hvaðan kemur vitneskja um trú norrænna manna að fornu?

1. Áþreifanlegar heimildir

- Fornleifar*. Merkar minjar um mannlíf að fornu hafa verið grafnar úr jörðu og hafnar úr sæ: hlutir, vopn, einstök býli og heilir bæir sem hafa varpað ljósi á lifnaðarhætti. Þá hafa margar minjar fundist um trúarlíf. Þar ber hæst *grafir* en auk þeirra skulu nefndir ýmsir hlutir, einkum stytur af guðum, ýmsir munir, leifar fórnardýra, m.a. lík af mönnum o.fl. Fornleifar eru þöglar heimildir í þeim skilningi að þær verður að túlka. Hlutina höfum við, beinin, líkin, hlutina, húsín, skipin, rústirnar. Við verðum að gefa þeim merkingu. En ásamt öðrum heimildum geta fornleifar veitt trausta vitneskju.
- Bergristur* eru sérstakar í sinni röð og ævafornar. Frumbyggjar Norðurlanda hjuggu myndir á klappir og sumar eru vafalaust af trúarlegum toga, bæði myndir af guðum og ýmsum táknum.
- Bautasteinar*, einkum frá Gotlandi, eru merkilegar heimildir. Margir eru þaktir myndum úr norrænni goðafræði eða hetjusögnum. Unnt er að ráða í margar en sumar byggjast á goðsögnum sem ekki hafa varðveist í öðru formi. Sömu sögu má segja um ýmsar myndir sem höggvar hafa verið í stein á Bretlandseyjum.

2. Örnefni

Örnefni eru mörg dregin af nöfnum einstakra guða. Útbreiðsla þeirra gefur vísbendingu um hvar viðkomandi guð var dýrkaður og seinni liður örnefnis getur upplýst um hvers eðlis dýrkunin var.

3. Ritaðar heimildir

- Rúnir* eru til frá 2.–3. öld og þaðan af yngri. Rúnaristur eru að jafnaði fáorðar en gefa samt sem áður mikilvægar upplýsingar um trúarlíf, einkum töfra. Rúnir voru notaðar fram yfir siðaskipti víðs vegar á Norðurlöndum, einkum í grafletur. Íslenskir galdramenn á 17. öld höfðu mikla trú á rúnum. Rúnir eru ristar á marga bautasteina á Gotlandi og víðar í Svíþjóð, Noregi og Danmörku og nöfn guða koma þar allvíða fram í margvíslegu samhengi.
- Dróttkvæði* sem voru ort á tímabilinu 850–1350. Þau eru skotin kenningum og heitum sem mörg eiga rætur að rekja til fornra trúarbragða. Varðveisla þeirra er með ýmsu móti en almennt telja menn kenningar þeirra reistar á goðsögnum sem hafa verið til. Margar þeirra eru týndar og þá verður kenningin illskiljanleg nútímamönnum. Sum dróttkvæði fjalla sérstaklega um goðsagnir.
- Eddukvæði* eru ómetanleg heimild um grundvallaratriði ásatrúar, sköpun heimsins og tortímingu sem mörg yngri rit byggjast á. Menn greinir á um aldur þeirra en þau eru ekki skráð fyrir en á 12. eða 13. öld. Besta handrit þeirra er *Konungsbók*, skrifuð seint á 13. öld. Án efa eiga mikilvægustu eddukvæðin, *Völuspá*, *Grímnismál*, *Vafþrúðnismál*, *Skírnismál*, *Lokasenna*, *Rígsþula* og *Hávamál*, sterkar rætur í heiðni.
- Rit Snorra Sturlusonar* eru mikilvægar heimildir um forn norræn trúarbrögð. Snorri hefur stuðst við ýmsar heimildir sem nú eru glataðar að nokkru leyti. *Edda* hans er samfelldasta bók sem til er um ásatrú, einkum fyrsti hluti hennar sem heitir *Gylfaginning*. Þar eru sagðar goðsagnir sem sumar eru ekki til annars staðar. Þar er vísað í eddukvæði og annan kveðskap í stórum stíl og tíndur

til margvíslegur fróðleikur og reynt að koma honum í kerfi. Hins vegar verður að hafa í huga að Snorri var menntaður á kaþólska vísu, heimssýn hans mótaðist af því og það hefur vísast haft áhrif á rit hans. Í *Heimskringlu*, einkum Ynglingasögu, er sagt frá guðum að nokkru leyti með öðrum hætti en í Eddu en auk þess má nota *Heimskringlu* sem vísbendingu um dýrkun guðanna og ber þó að hafa hugfast að langur tími er milli atburða sem sagt er frá og ritunartíma sagnanna.

- e) *Historia Norwegiae* var skráð í Noregi um 1170. Þar eru ýmsar upplýsingar um landsháttu og siði í Noregi á fyrri tíð. Hið sama á við um ýmsar yngri sögur.
- f) Fyrstu drög að *Landnámabók* hafa líklega verið lögð á seinni hluta 11. aldar og við upphaf hinnar 12. Hún er hins vegar aðeins varðveitt í yngri handritum. Í henni eru frásagnir sem kunna að byggjast á gamalli arfleifð.
- g) Heimildagildi *Íslendingasagna* hefur verið vefengt enda eru hinar elstu skrifaðar um 200 árum eftir að kristni var lögfest. Ef til þess er litið að heiðin viðhorf hafi lifað lengi eftir kristnitöku og gömul munnmæli búi að baki ýmsum frásögnum, má með varúð nota Íslendingasögur og önnur verk, sem varðveist hafa í íslenskum handritum, t.d. Flateyjarbók, einkum ef lýsingar þeirra koma heim og saman við fornminjar eða aðrar heimildir.
- h) Elsta *rituð samtímameimild* um forn norræn trúarbrögð er *Reisubók* Ibn Fadlāns. Hann var erindreki kalífans í Bagdad meðal Volgu-Búlgara árið 921. Ibn Fadlan tókst á hendur að leiðrétta trúariðkan þeirra en þeir brutu eina meginreglu íslams um bænahald. Honum varð ekki ágengt en á ferð sinni varð hann vitni að útför norræns höfðingja og ýmsu atferli norrænna víkinga. Hann fylgdist með af athygli, hafði auk þess túlk sér til aðstoðar. Lýsingar hans koma heim og saman við marga fornleifafundi og eru því traust heimild. Sama gildir um kroníkur annarra arabískra ferðamanna sem lögðu svo norðlæg lönd undir fót.
- i) *Lög*, einkum norsk, eru mikilsverðar heimildir þótt sett séu í kristni vegna þess að þau leggja blátt bann við þeim athöfnum sem einkenndu heiðna tilbeiðslu og sýna þar með annars vegar að heiðni hefur lifað lengi eftir kristnitöku og hins vegar má velta fyrir sér heiðnum trúarsíðum í ljósi laganna. Hér má t.d. nefna hrossakjötsát sem var bannað og bendir til þess að hross hafi verið fórnardýr í heiðni og menn snætt kjöt þeirra við dýrkunina.
- j) *Rit kristinna manna um viðtöku trúarinnar* á Norðurlöndum og *saga kristniboðanna* varpa ljósi á heiðna trú en þau verður að nota með ýtrustu varúð. Merkust þeirra eru rit Adams frá Brimum um *sögu Hamborgarbiskupa*, samið á 12. öld, og *ævi Ansgars* eftir Rimbirt, samin um 870, báðar á latínu. Sama gildir um *Danasögu Saxa* málsþaka frá 12. öld. Þar eru ýmsar goðsagnir raktar með öðrum hætti en í ritum Snorra og eddukvæðum.
- k) *Rit suðrænna manna* geta veitt upplýsingar um átrúnað forfedra okkar. Rómverski rithöfundurinn Tacitus (55?–120?) hafði fregnir af trú germana og birtir í *Germaníu*, riti sínu um þetta fólk. Margt er þó óljóst í þeim fræðum og verður að fara af fyllstu gætni með þær heimildir. Sama gildir um *annála* og *kronskur enskra, franskra og írskra munkna* sem áttu um sárt að binda eftir árásir víkinga og lýsa framferði þeirra óg háttum.
- l) Menn hafa freistast til þess að nota *þjóðtrú* sem heimild um fornán átrúnað en það er erfitt því að hún hefur blandast kaþólskum og síðar lúterskum grillum. Þjóðtrú og ýmsir gamlir siðir hafa þó nokkurt heimildagildi.